

Skipulagssvið
Margrét M. Róbertsdóttir
Glerárgötu 9
600 AKUREYRI

Garðabær, 13. nóvember 2018

2018110004/42-0

TB

tb

Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Akureyrar - Hólasandslína 3

Vísað er til bréfs frá Akureyrarbæ, dag. 30. október sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um breytingu á Aðalskipulagi Akureyrar. Breytingin felur í sér flutning á legu fyrirhugaðs jarðstrengs Hólasandslínu 3 um 100-130 metra á um 600 m kafla við suðurenda Akureyrarflugvallar. Þverun Eyjafjarðarár færist einnig lítillega.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemd við fyrirhugaða breytingu sem slíka en telur að framkvæmdir við jarðstrenginn eigi að fara fram utan varptíma, að raski verði haldið í algjöru lágmarki sérstaklega þar sem um er að ræða votlendi. Minnt er á að svæðið við óshólma Eyjafjarðarár er á náttúruminjaskrá nr. 510 og telst einnig til mikilvægra fuglasvæða sbr. bls. 216 í fjölríti Náttúrufræðistofnunar nr. 55, Mikilvæg fuglasvæði, http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_55.pdf. Umsögn þessi er með þeim fyrirvara að ekki verði breytingar á framkvæmd eða legu fyrirhugaðrar Hólasandslínu 3 í kjölfar mats á umhverfisáhrifum línunnar.

Virðingarfyllst



Trausti Baldursson

forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafardeildar

